

Sundhöllin í Reykjavík

Opin hönnunarsamkeppni um viðbyggingu
og útilaug við Sundhöll Reykjavíkur

Dómnefndarálit



Aðdragandi og undirbúningur

Þann 22. desember 2011 samþykkti borgarráð að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að fara yfir hugmyndir um endurbætur og stækkun Sundhallarinnar við Barónsstíg. Þann 24. maí 2012 skilaði starfshópurinn ítarlegri skýrslu. Ein af fjórum tillögum starfshópsins á mögulegum endurbótum og hugsanlegri stækkun Sundhallarinnar var valin til nánari útfærslu:

Byggt verði útsundlaug, 25 x 12,5 metrar að stærð á lóðinni sunnan við Sundhöllina. Auk þess verði gert ráð fyrir nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn, eimbaði og annarri aðstöðu. Einnig yrði með viðbyggingu bætt úr aðgengismálum. Væntanlega yrðu byggðir nýir búningasklefar en þó gert ráð fyrir að gömlu búningasklefarnir yrðu notaðir óbreyttir áfram, enda friðaðir. Einnig að lágmarks breytingar yrðu gerðar á hinu friðaða húsi til að bæta aðgengi að innlaug.

Í framhaldinu ákvað borgarráð að efna til hönnunarsamkeppni um viðbyggingu, útilaug og tilheyrandi aðstöðu.

Á fundi borgarráðs 19. janúar 2012 var skipaður starfshópur um framtíðarsýn vegna sundlauganna í Reykjavík. Í byrjun árs 2013 skilaði starfshópurinn skýrslu, „LAUGARNAR Í REYKJAVÍK Framtíðarsýn til 20 ára“. Starfshópurinn fékk m.a. skýrslu Sundhallarhópsins til umsagnar og þótti rétt að mæla með ofangreindri tillögu.

Í skýrslu starfshópsins kemur jafnframt fram að gera þyrfti endurbætur á núverandi húsnæði og huga sérstaklega að ferlimálum fatlaðra. Núverandi búningasklefar kvenna eru þannig staðsettir að aðgengi að þeim er ekki gott fyrir fatlaða og hreyfihamlaða.

Reykjavíkurborg - nóvember 2013
Í samvinnu við Arkitektafélag Íslands

Hönnun/umbrot: Kaktus auglýsingastofa

Markmið

Markmið Reykjavíkurborgar með þessari samkeppni er að fá fram vandaðar tillögur að viðbótum við Sundhöll Reykjavíkur sem þegar hefur þjónað íbúum og gestum Reykjavíkurborgar vel, í ríflega 76 ár.

Sérstök áhersla er lögð á að byggingarlist hússins innan sem utan verði gert hátt undir höfði og að fullt tillit verði tekið til hennar við hönnun á viðbyggingu og við endurbætur Sundhallarinnar.

Helstu möguleikar á endurbótum og stækkun Sundhallarinnar er taldir vera að byggð verði 25 metra löng og allt að 12,5 metra breið útisundlaug, þ.e. með 4 til 5 brautum. Auk þess yrði gert ráð fyrir nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn, nýju eimbaði og annarri aðstöðu sem þarf til að gera Sundhöllina að alhliða heilsurækt fyrir almenning.

Miðað er við að byggja nýja búningasklefa kvenna og fjölga búningasklefum karla, en gert er ráð fyrir að gömlu búningasklefarnir verði notaðir áfram, enda eru þeir friðaðir. Einnig er gert ráð fyrir að gera þurfi lágmarksbreytingar á hinu friðaða innra byrði hússins til að tenging og samnýting eldri og fyrirhugaðrar viðbyggingar verði með sem bestu móti.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

Nikulás Úlfar Másson, skrifstofustjóri, USK, formaður dómnefndar

Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður, ÍTR

Guðrún Arna Gylfadóttir, forstöðumaður, ÍTR

Guðmundur Kr. Guðmundsson, arkitekt FAÍ, tilnefndur af AÍ

Birgir Teitsson, arkitekt FAÍ, tilnefndur af AÍ

Ráðgjafar dómnefndar:

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri ÍTR

Þorkell Jónsson, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri frumathugana mannvirkja, Reykjavíkurborg

Pétur Ármannsson, Minjastofnun Íslands

Ritari dómnefndar var Einar H. Jónsson, tæknifræðingur FTFÍ, USK.

Trúnaðarmaður dómnefndar var Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ.

Undirbúningur samkeppninnar hófst vorið 2013 og var gerður samningur við Arkitektafélag Íslands.

Útbúin var keppnislýsing og hún gefin út á vef Reykjavíkurborgar ásamt öðrum samkeppnisgögnum í júní 2013.

Dómnefndarálit

Eftir vandlega yfirferð tillagna sem fengið höfðu vinnunúmer 1-23, gekk dómnefnd frá umsögnum sínum um tillögurnar á fundi sínum mánudaginn 28. október. Trúnaðarmanni var kynnt niðurstaðan á þeim fundi og þá var nafnleynd rofin. Í framhaldi af því tilkynnti trúnaðarmaður keppendum niðurstöður samkeppninnar.

Dómnefnd er einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

Vinningstillögur:


- 1. verðlaun** kr. 3.300.000, tillaga nr. 18, auðkennd **16487**
- 2. verðlaun** kr. 2.000.000, tillaga nr. 4, auðkennd **19779**
- 3. verðlaun** kr. 1.300.000, tillaga nr. 7, auðkennd **10105**


Innkeypt tillaga:


- Innkaup** að upphæð kr. 500.000, tillaga nr. 11, auðkennd **94274**

Reykjavík 5. nóvember 2013


Nikulás Úlfar Másson, skrifstofustjóri, USK,
formaður dómnefndar


Guðrún Arna Gylfadóttir, forstöðumaður, ÍTR


Birgir Teitsson, arkitekt FAÍ, tilnefndur af AÍ


Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður, ÍTR


Guðmundur Kr. Guðmundsson, arkitekt FAÍ, tilnefndur af AÍ

Að byggja við friðlýst hús

Þessi samkeppni, um viðbyggingu við Sundhöllina, markar að vissu leyti tímamót í íslenskri byggingarlistasögu þar sem í fyrsta skipti er boðað til hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og breytingar á friðlýstu húsi. Það er grundvallaratriði að varðveisluverð hús hafi hlutverk og því er það misskilningur þegar því er haldið fram að engu megi breyta í friðlýstum húsum. Það er því mikilvægt að þau geti tekið breytingum, þó án þess að gildi þeirra sé rýrt með nokkrum hætti. Umræðan um það hvernig skuli byggja við varðveisluverðar byggingar hefur því verið ofarlega á baugi um alllangt skeið og lengst af sú heitasta í byggingarlist hverju sinni. Helst hefur verið áberandi í þeirri umræðu hversu fjölbreyttar skoðanir hafa verið viðraðar. Sumir segja að afkvæmi sérhvers tíma í hönnun skuli endurspegla tíðarandann. Engin mála-miðlun skuli eiga sér stað því þróun byggingarlistarinnar verði að hafa forgang og það væru í raun svik við þessa þróun að horfa ekki eingöngu fram á veginn. Aðrir halda því fram að víðtæk þekking á viðfangsefninu sé grundvallaratriði við hvert inngrip inn í umhverfið hverju sinni. Hönnuður öðlist þannig það sem kalla má tilfinningu fyrir viðfangsefninu og útkoman verður eins staðfærð og mögulegt er. Algengast er þó að viðbyggingar séu einhvers konar móð úr hvoru tveggja og eru ekki á nokkurn máta yfirlýsing viðkomandi hönnuðar um skoðun hans varðandi það hvernig beri að byggja við eldri hús. Vissulega er það æskilegt í flestum tilfellum að samræma á einhvern hátt þessa gagnstæðu póla, en það þarf að gera markvisst þannig að útkoman verði bæði sterk í sjálfu sér og einnig styrkur fyrir það umhverfi sem átt er við hverju sinni. Segja má að þær fjölbreyttu tillögur sem bárust í þessa samkeppni um viðbætur og viðbyggingu við Sundhöllina í Reykjavík beri hver og ein þessum mismunandi sjónarmiðum vitni að nokkru leyti eða öllu.

Dómnefndarstörf

Gengið var frá samstarfssamningi við Arkitektafélag Íslands með undirskrift í júní 2013.

Þann 26. júlí svaraði dómnefnd skriflega þeim 37 fyrirspurnum sem borist höfðu fyrir lok fyrri fyrirspurnarfrests.

Í seinni fyrirspurnartíma, þar sem fyrirspurnarfrestur var til 27. ágúst, bárust 17 fyrirspurnir sem dómnefnd svaraði og var listi með fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim sendur til allra skráðra þátttakenda í tölvupósti 2. september.

Skilafrestur tillagna var 17. september 2013 og var 23 tillögum skilað en 64 höfðu sótt keppnisgögn. Af þeim var 21 dómtekin en 2 reyndust ekki dómtækar.

Innsendar tillögur voru flestar vel unnar og ýmsar áhugaverðar hugmyndir settar fram. Þá voru einstaka þættir vel leystir og segja má að allar tillögurnar hafi verið athyglisverðar með einhverjum hætti, þótt heildarlausnin hafi ekki skilað þeim verðlaunasæti.

Dómnefnd hittist á níu formlegum fundum. Auk þess voru ráðgjafar dómnefndar fengnir til þess að fjalla um sérhæfð viðfangsefni.

Áherslur dómnefndar

Dómnefnd lagði ítarlegt mat á innsendar tillögur og lagði til grundvallar eftirfarandi sjónarmið og áherslur, sem tilgreindar voru í keppnislýsingu:

- Heildarlausn rýri ekki á nokkurn hátt varðveislugildi Sundhallarinnar.
- Tillagan skili vandaðri og góðri byggingarlist, þ.m.t. form, efnisval og heildaryfirbragð.
- Samspil eldra húss og viðbyggingar, bæði hvað varðar fyrirkomulag og yfirbragð.
- Snjallar lausnir með vel ígrunduðum innbyrðis tengslum, m.a. milli hæða.
- Hagkvæma byggingu sem uppfyllir kröfur forsagnar um stærðir rýma og innra fyrirkomulags án þess að um áberandi kostnaðar-samar lausnir sé að ræða.
- Lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til endingar, rekstrarkostnaðar, umhverfis og vistfræðipátta.
- Umferðar- , öryggis- og aðgengismál.
- Fyrirkomulag á lóð og aðlögun að umhverfinu.

Taka ber fram að dómnefndin telur að góðu samspili nýrrar viðbyggingar við söguleg og varðveisluverð hús sé mögulegt að ná fram með ólíkum hætti, þannig að hið nýja styrki hið gamla og öfugt.

Umsagnir um tillögur

1. VERÐLAUN

Tillaga merkt **16487** (Dómnefndarnúmer 18)







Heilsteypt og aðlaðandi tillaga. Aðlögun að Sundhöllinni er einstaklega vel heppnuð þar sem gagnsæ viðbygging myndar skemmtilegt mótvægi við þyngra yfirbragð Sundhallarinnar. Flæði grunnmynda er aðlaðandi og gott og ferlimál eru einstaklega vel leyst með notkun á lyftum á bæði blaut- og þurrsvæðum. Dómnefnd telur gagnsæi frá Barónsstíg inn í sundlaugargarð góða hugmynd þar sem með því nýtur suðurhlið Sundhallarinnar sín til fullnustu þrátt fyrir viðbyggingu, en telur að litað gler muni rýra þá upplifun. Efnisval er almennt látlaust og fágað ef undan er skilin hugmynd um litað gler. Allar kröfur keppnislýsingar um starfssvæði eru uppfylltar og vel gerð grein fyrir þeim á grunnmyndum. Útisvæði og allt fyrirkomulag umhverfis laugarkers er mjög gott. Staðsetningu varðturns er haganlega fyrir komið. Ofanljós í búningssklefum er góð lausn á birtugjöf til neðri hæðar. Staðsetning afgreiðslu og veitingasölu er góð en mætti hugsanlega stækka á kostnað starfsmannaráyma. Grunnmyndir gefa möguleika á tilfærslu rýma, komi ósk frá verkkaupa um það. Skoða þarf hæð á austurvegg sem myndar sundlaugargarð með tilliti til skugga-varps. Staðsetning útiklefa og aðkoma að þeim er góð. Huga má að því að bæta aðkomu að þaksvölum Sundhallarinnar frá laugarsvæði.



Höfundar tillögu:

VA Arkitektar ehf.
Borgartúni 6
105 Reykjavík



Heba Hertervig
Karl Magnús Karlsson
Ólafur Óskar Axelsson



2. VERÐLAUN

Tillaga merkt **19779** (Dómnefndarnúmer 4)

Aðlögun að Sundhöllinni er góð og útlit er sannfærandi, sérstaklega hliðar að Barónsstíg, þar sem stærðarhlutföll taka mið af Sundhöllinni og efnisnotkun myndar skemmtilegt mótvægi við Sundhöllina. Tenging við byggingar við Sundhöllina er vel útfærð. Suðurhlið Sundhallarinnar nýtur sín vel þrátt fyrir að útilaug sé á fyrstu hæð, vegna sérstaklega athyglisverðrar staðsetningar og fyrirkomulags útlefa og slökunargarðs. Fyrirkomulag útisvæða er gott en ferlimál á milli efri og neðri hæða eru óleyst. Staðsetning afgreiðslu og veitingasölu er í góðum tengslum við útisvæði. Staðsetning starfsmannarýma er góð. Markmið höfunda um mikilvægi þess að rýra ekki ásynd Sundhallarinnar og taka fullt tillit til hinnar friðuðu byggingar en skapa engu að síður spennandi ný rými og aðstöðu, er náð.



Höfundar tillögu:

Agnes Nilsson, arkitekt maa
Andrea Tryggvadóttir, arkitekt maa
Guðný Arna Eggertsdóttir, arkitekt FAI
Lille Kirkestæde 3, 1072 Kbh K., Danmörku
Samstarfsmaður: Arnþór Tryggvason



3. VERÐLAUN

Tillaga merkt **10105** (Dómnefndarnúmer 7)

Útlit viðbyggingar er einfalt og aðlaðandi. Framsetning hliðar, sem snýr að Barónsstíg, er sterk, án þess að rýra gildi Sundhallarinnar í götumyndinni. Útisvæði eru rúmgóð og vel skipulögð. Tening á milli útlaugar og Sundhallar er sérstaklega athyglisverð, með nýjum tröppum milli laugar keranna. Stigalyfta er þó óhentug. Staðsetning afgreiðslu og veitinga sölu er einstaklega góð með teningu bæði við Barónsstíg og laugar svæði. Grunnplan neðri hæðar er óhentugt, með óreglulegt form sem mynda vannýtt rými. Staðsetning starfsmannarýma í eldri byggingu eru óhentug. Markmiðum höfunda um að skerða ekki þá upplifun sem felst í heimsókn í Sundhöllina heldur styrkja hana og gera fleirum kleift að njóta hennar, er náð.






Höfundar tillögu:

Kurt og pí
Skólavörðustíg 2,
101 Reykjavík

Ásmundur Hrafn Sturluson
Steinþór Kári Kárason

T.ark – Teiknistofan Arkitektar
Brautarholti 6,
105 Reykjavík

Anja Schröter
 Ásgeir Ásgeirsson
 Hlín Finnsdóttir
 Michael Blikdal Ericson





Innkaup

Tillaga merkt **94274** (Dómnefndarnúmer 11)

Öguð og vel framsett lausn. Útlit er látlaust, með tilvísun í Sundhöllina. Grunnmynd einföld og með skýru fyrirkomulagi. Tengingar á milli viðbyggingar og Sundhallar eru góðar, þar sem bæði eru lyftur og stigar í þurr- og blautrýmum. Í grunnmyndum er gott flæði milli rýma og tengingar þeirra við útisvæði gott. Suðurhlið Sundhallarinnar hverfur á bak við viðbyggingu og er því ekki sýnileg frá útisvæði. Gangur og garður, sem nýtur morgun- og eftirmiðdagssólar, er á milli bygginganna en tengir þær þó saman að nokkru leyti auk þess að veita birtu að starfsmannarýmum og neðri hæð Sundhallarinnar. Útisvæði er gott og aðlaðandi.


Höfundar tillögu:

Yrki arkitektar ehf.
Hverfisgötu 76
101, Reykjavík



Tillaga merkt **22510** (Dómnefndarnúmer 1)

Nýbygging skermir Sundhöllina af og djúp og þröng gjá milli bygginganna virkar ekki, auk þess sem gulir bekkir slíta enn meira samspil þeirra. Fyrirkomulag potta og barnalaugar er gott en svæði í kringum laug þröngt. Veitingar og almenningsrými er lítið og ekki í tengingu við laugarsvæði. Nýtt útilaugarker er á sama pláni og núverandi laug og tenging á milli þeirra er góð. Grunnmynd að mestu leyti vel leyst bæði hvað varðar svæði fyrir starfsfólk og gesti.



Höfundar tillögu:

ARKITEÓ
Bólholt 8
105 Reykjavík

Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ
Helena Björgvinsdóttir, arkitekt
Hulda Sigmarsdóttir, arkitekt
Magdalena Sigurðardóttir, arkitekt
Ráðgjöf: Verkfræðistofa Erlends Birgissonar


Tillaga merkt **31444** (Dómnefndarnúmer 2)

Nýbygging lokar fyrir ásýnd á Sundhöllina á þrjá vegu auk þess sem útlit hennar er ekki vel leyst þar sem m.a. er ekki samhengi milli einstakra hliða. Aðgengi á milli hæða er ábótavant. Tengibrú á suðurhlið milli bygginga virkar yfirþyrmandi, með ómarkvissa nýtingu og tilvera hennar því lítt réttlætanleg. Útisvæði er að mörgu leyti aðlaðandi og rúmgott.

Höfundar tillögu:

Erum-Arkídea
Ingólfstræti 5
101 Reykjavík

Helgi Bergmann Sigurðsson, arkitekt FAÍ
Ragnar Ólafsson, arkitekt FAÍ




Tillaga merkt **10252** (Dómnefndarnúmer 3)

Aðlögun að Sundhöllinni og hugmynd um stílfærða sundgesti á framhlið er ósannfærandi. Grunnplan er ekki vel leyst og eru tengingar og aðgengi þar af leiðandi ekki nægjanlega sannfærandi. Hugmynd um veitingasvæði við Barónsstíg er athyglisverð en vantar þó tengingu almenningsskýmis og veitingaaðstöðu við laugarsvæði. Mikið er lagt í form og uppbyggingu varðturns og gosbrunnns í heitum potti en það er þó ekki talið ná þeim áhrifum sem til er sáð. Þrátt fyrir að lyfta og stigi séu staðsett á miðju sólbaðssvæði er laugarsvæðið rúmgott, en ekki er gert ráð fyrir renni-braut.

Höfundar tillögu:

Jón Grétar Ólafsson, arkitekt FAÍ
Ívar Örn Guðmundsson, arkitekt FAÍ




Tillaga merkt **21712** (Dómnefndarnúmer 5)

Suðurhlið gömlu Sundhallarinnar hverfur á bak við viðbyggingu og aðlögun að henni er ekki vel leyst. Útlit er að öðru leyti agað og tekur mið af stærðarhlutföllum Sundhallarinnar. Staðsetning veitingasölu er góð, með skemmtilegt útsýni yfir laugarsvæðið. Yfirsýn starfsmanna á inngang er ekki góð. Aðgengi að þaksvölum er athyglisvert en nokkuð löng aðkoma að sunnanverðu. Laugar og búningsklefar karla og kvenna eru á sama plani sem gerir aðgengi gott en aðgengi að neðri hæð er ábótavant. Lausnir grunnmyndar að öðru leyti athyglisverðar. Útisvæði er vel rúmt en útfærsla á heitum pottum óhentug.


Höfundar tillögu:

ZeroImpactStrategies
v/Erik Rønning Andersen siv.ark. MNAL
Sigríður Anna Eggertsdóttir siv.ark. FAÍ
Mossikröðveien 3
N-1621 Gressvik
Norway



Tillaga merkt **16487** (Dómnefndarnúmer 6)

Útlit viðbyggingar að Barónsstíg og tenging við Sundhöll er vel leyst að undanskildu upphækkuðu glerþaki. Austurhlið viðbyggingarinnar sem snýr að útisvæði, með bogadregnum þökum og miklum gler-virkjum fyrir framan veitingasölu, virðist ofhlaðið og yfirþyrmandi. Fyrirkomulag á útisvæði er gott og pottasvæði virkar vel. Veitingaaðstaða er vel staðsett með yfirsýn yfir laugarsvæðið. Flæði innbyrðis og tengingar í grunnmyndum, t.a.m. við eldra hús, eru flóknar.



Höfundar tillögu:

HORNSTEINAR ARKITEKTAR
Andrés Narfi Andrésson, arkitekt FAÍ
Ólafur Hersisson, arkitekt FAÍ
Þórður Þorvaldsson, arkitekt FAÍ
Sigríður Brynjólfssdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Tillaga merkt **10101** (Dómnefndarnúmer 10)

Viðbyggingin sker á öll sjónræn tengsl við Sundhöllina með mjög óræðum formum og uppbyggingu. Ný laug er á sama plani og núverandi ker en tengingar á milli þeirra eru ekki góðar. Útiklefar vel leystir. Grunnmynd er flókin og flæði milli rýma óhentugt. Lítil tenging er milli veitingasalar og útisvæðis. Tenging við þaksvalir er athyglisverð.

Höfundar tillögu:

ARKITEÓ
Bolholti 8
105, Reykjavík

Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ
Helena Björgvinsdóttir, arkitekt
Hulda Sigmarsdóttir, arkitekt
Magdalena Sigurðardóttir, arkitekt
Ráðgjöf: Verkfræðistofa Erlends Birgissonar





Tillaga merkt **24862** (Dómnefndarnúmer 12)

Aðlögun viðbyggingar við Sundhöll ekki góð, þar sem mörk nýs og gamals eru óskýr. Hugmynd að klifurvegg er athyglisverð en fer illa saman með almenningssvæði sundlaugar. Óhentugt laugarker og pottar m.t.t. aðgengis- og öryggismála. Flókin og ósannfærandi grunnmynd. Staðsetning afgreiðslu ágæt, en ekki virðist vera gert ráð fyrir veitingasölu.


Höfundar tillögu:

Davíð Sigurðarson
Vífill R. Eiríksson



Tillaga merkt **22122** (Dómnefndarnúmer 13)

Viðbygging lokar fyrir ásýnd að Sundhöll á þrjá vegu auk þess sem útlit er ekki sannfærandi. Tröppur og svalagangur á suðurhlið óheppileg og draga úr gildi Sundhallarinnar auk þess sem það gerir aðgengismál ekki góð. Útlit í vestur, að Barónsstíg, er látlaust, en útlit austurhliðar lítt sannfærandi. Tenging veitinga-sölu við útisvæði er góð, en laugarsvæðið er að-þrengt. Fyrirkomulag útiklefa og aðgengi að þeim er óhentugt. Rýmislausnir í grunnmynd virka ekki aðlað-andi.





Höfundar tillögu:

Vignir Freyr Helgason, cand.arch FAÍ

Aðstoð/ráðgjöf:
Sara Malmros, cand.arch
Sigrún Sumarliðadóttir, arkitekt
Laufey Björg Sigurðardóttir, B.A. í arkitektúr

Tillaga merkt **10203** (Dómnefndarnúmer 16)

Tilvitnanir í innra byrði Sundhallarinnar, í útliti við-byggingar, eru ekki sannfærandi. Forgarðurinn gerir tengingu við Sundhöllina óþarflega umfangsmikla auk þess sem plássið nýttist sundlaugargarði betur. Flæði milli viðbyggingar og Sundhallar er ekki gott. Fyrirkomulag útisvæðis er ágætt. Afgreiðsla og veit-ingasala eru vel staðsett með góðri tengingu við laugarsvæðið. Aðgengi fatlaðra er almennt mjög gott.



Höfundar tillögu:

Studio Granda
Smíðjustíg 11b
101 Reykjavík


Tillaga merkt **12093** (Dómnefndarnúmer 17)

Form eru framandi og fara illa við hlið Sundhallarinnar, auk þess sem það vinnur ekki með grunnmyndum og gerir þær óþarflega flóknar. Útisvæði er vel skipulagt en virkar þó aðþrengt með byggingu að austanverðu sem mun auka skuggavarp á útisvæði. Almenningsrými og veitingasala eru lítil en þó í góðum tengslum við laugarsvæði. Ókostur er að gengið er í útiklefa af laugarsvæði auk þess sem ekki virðist um eiginlega útiklefa að ræða.

Höfundar tillögu:

Helgi Hjálmarsson, arkitekt
Björn Helgason, byggingafræðingur

Tölvumyndir: Onno





Tillaga merkt **46359** (Dómnefndarnúmer 19)

Form eru framandi og fara illa við hlið Sundhallarinnar. Hæðarsetning laugarkers og fyrirkomulag útisvæðis er athyglisvert. Tillagan gerir ráð fyrir að hæðarsetning laugar sé á milli 1. og 2. hæðar, með garði upp að suðurhlið Sundhallarinnar. Höfundi hefur ekki tekist að leysa hæðarsetningu og tengingar innan- né utanhúss á sannfærandi hátt, auk þess sem lausnir í grunnmyndum virðast flóknar. Staðsetning potta er ekki góð þar sem þeir eru í litlum tengslum við útisvæði.

Höfundar tillögu:

Niklas Dahlström, arkitekt MSA
Alexander Nikolov, arkitekt MSA
Loaþim Tarrasó, arkitekt SAR/MSA

Ráðgjafi: Perla Dís Kristinsdóttir



Tillaga merkt **20230** (Dómnefndarnúmer 20)

Hlutfóll viðbyggingar taka mið af Sundhöllinni en útlit er ekki sannfærandi. Sundlaugarsvæði og úti-garður eru aðþrengd og tenging milli veitingasölu og útisvæðis engin. Lendingarlaug við vatnsrennibraut er ekki í góðum tengslum við laugarsvæðið. Ferlimál eru almennt ekki góð og aðgengi fatlaðra að neðri hæð er ábótavant. Form grunnmynda vinnur ekki með notagildinu en staðsetning útiklefa er góð.

Höfundar tillögu:



Arkibúllan ehf.

Tómasarhaga 31
107 Reykjavík


Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir, arkitekt FAÍ
Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, arkitekt FAÍ

Listamenn:
Berghall, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
Anna Hallin MFA
Olga Bergmann MFA



Aðstoð og innblástur:
Sigrún Birgisdóttir, arkitekt FAÍ, deildarforseti
hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands




fjarviddarmynd - reist mynd úr norðaustri



fjarviddarmynd - reist mynd úr suðaustri



vesturhlíð - mælikvarði 1:200





skurður - mælikvarði 1:200



fjarviddarmynd tekin frá brú í átt að pottasvæði

Tillaga merkt **00762** (Dómnefndarnúmer 21)

Miklir massar skyggja á ásýnd að Sundhöllinni. Form grunnmynda vinnur ekki með notagildinu og eru þær því óþarflega flóknar, auk þess sem uppbygging þess skapar skugga á útisvæði. Varðturn er illa staðsettur gagnvart pottum, sem eru ekki í góðum tengslum við laugarsvæðið. Tenging við núverandi þaksvalir er at-hygglisverð. Veitingasölu er haganlega fyrir komið. Myndræn og skýr framsetning tillögu.



Höfundar tillögu:

Ydda arkitektar

Seljavegur 2
101 Reykjavík


Hildur Ýr Ottósdóttir, arkitekt EPF-FAÍ
Hjördís Sóley Sigurðardóttir, arkitekt FAÍ

Tillaga merkt **85645** (Dómnefndarnúmer 22)

Viðbygging kemur upp að núverandi byggingu og lokar fyrir birtu að búningssklefum á neðri hæð. Hlutföll viðbyggingar taka mið af Sundhöllinni en útlit er ekki sannfærandi að öðru leyti. Fyrirkomulag rýma á grunnmynd er ekki gott, t.a.m. er inngangur í úti-klefa frá sundlaugarbakka. Tengingar á milli eldra og nýrra húss eru ekki góðar. Framsetning tillögu mætti vera betri.

Höfundur tillögu:

Björn H. Jóhannesson, arkitekt FAÍ




Tillaga merkt **65919** (Dómnefndarnúmer 23)

Byggt er fyrir báðar hæðir suðurhliðar Sundhallarinnar svo hún er horfin sjónum. Tengingar á milli eldra og nýrra húss eru ekki góðar. Fyrirkomulag útisvæða er ekki gott og staðsetning barnalaugar og lendingarlausar er óhentug, auk þess sem pottar eru hvorki vel sýnilegir né aðgengi að þeim gott. Hæðarsetning/þrep á útisvæði eru óhentug. Aðkoma gesta og staðsetning veitingasölu er haganlega fyrirkomið og er í góðum tengslum við laugarsvæði.

Höfundur tillögu:

a2f arkitektar
Laugavegi 26
101 Reykjavík

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ
Falk Krüger, arkitekt AKT
Eyrún Valþórsdóttir, arkitekt FAÍ
Bjarni Þorsteinsson, arkitekt



Unnt er að nálgast niðurstöður samkeppninnar á eftirtöldum heimasíðum:

www.reykjavik.is

www.ai.is

